

Ed.

325. Frumvarp til laga

[133. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu byggingarkostnaðar, er sýni breytingar hans frá 1. október 1955. Vísitala þessi skal reiknuð út þrisvar sinnum á ári, miðað við verðlag í Reykjavík í febrúarmánuði, júnímánuði og októbermánuði, og gildir hver vísitala í 4 máuði frá 1. marz, 1. júlí og 1. nóvember að telja.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að váttryggjandi húsa skuli breyta váttryggingarverði þeirra eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem er í gildi við byrjun viðkomandi váttryggingartímabils, ráða brunabótaverðinu allt tímabilið.

2. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar eftir 1. október 1955 skulu tengdar við eldri vísitölur, reiknaðar út samkvæmt lögum nr. 87/1943, með því að margfalda hinar fyrir nefndu með tölunni 9.69. Hagstofan getur að öðru leyti úrskurðað um vafaatriði, er kunna að koma í ljós í sambandi við tengingu nýju vísitölunnar við hina eldri, þar á meðal um það, hvernig váttryggingarverð húsa utan Reykjavíkur skuli ákveðið á grundvelli nýju vísitölunnar haustið 1957.

3. gr.

Við ákvörðun á söluverði íbúða til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt 8. tölulið 6. gr. og 1. málsg. 20. gr. í lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnnum, skal fara þannig að:

- a. Hafi seljandi íbúðar eignast hana fyrir 1. marz 1957, þá finnst hækkun sú, sem um ræðir í nefndum lagagreinum, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á þeim tíma, er sala fer fram, saman við byggingarkostnað samkvæmt eldri vísitölunni á þeim tíma, er hlutaðeigandi fékk íbúðina. Hafi hann fengið hana á tímabilinu 1. október 1954 til 28. febrúar 1957, skal hér miða við vísitölu 904 (1939 = 100).
- b. Hafi seljandi íbúðar eignast hana eftir febrúarlok 1957, þá finnst hækkun sú, sem hér um ræðir, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á sölutíma, saman við vísitölu þess tímabils, er hlutaðeigandi fékk íbúðina.

4. gr.

Hagstofan skal, í samráði við húsameistara ríkisins, láta fara fram athugun á því á 10 ára fresti, hvort byggingarhættir hafi breytt svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal vísitala samkvæmt hinum nýja grundvelli fyrst reiknuð út miðað við verðlag í febrúar 1957, sbr. 1. málsg. 1. gr. þessara laga. Jafnframt falla úr gildi eða breytast ákvæði eldri laga, sem eru í ósamræmi við lög þessi, sbr. 2.—4. málsg. laga nr. 6 23. marz 1955, um Brunabótafélag Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hagstofan hefur árlega um alllangt skeið reiknað vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, miðað við grunntöluna 100 á tímabilinu 1. október 1938 til 30. september 1939. Ákvæði um útreikning þessarar vísitölu voru í lögum nr. 87/1943, um breytingar á lögum nr. 1/1924, um brunatryggingar í Reykjavík, en þau voru numin úr gildi með lögum nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, án þess að ákvæðin um vísitölu byggingarkostnaðar væru endurnýjuð. Engin bein lagafrumvarp eru því um það nú, að þessi vísitala skuli reiknuð út.

Þá eru einnig ákvæði um það í lögum nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, lögum nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands, og í fyrri lögum um sama efni, að Hagstofan skuli reikna árlega vísitölu byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kaupsýslu landsins og Teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Þessi ákvæði voru sett á sínum tíma, án þess að hlutaðeigandi stofnanir hefðu um það nokkra vitneskju, og ef málið hefði verið borið undir þær, hefðu þær eindregið ráðið frá því, að gerðar væru sérstakar vísitölur byggingarkostnaðar, annars vegar fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur og kaupsýslu og hins vegar fyrir sveitir, vegna þess hve mikil vandkvæði eru á því að finna viðhlítandi grundvöll slíkra vísitalna. Í reynd hefur þetta farið þannig, að Teiknistofa landbúnaðarins hefur ekki treyst sér til að reikna út vísitölu fyrir byggingarkostnað í sveitum, en Hagstofan hefur áætlað vísitölur byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kaupsýslu með hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, og hefur sú áætlun verið látin gilda fyrir sveitir jafnframt.

Vísitala byggingarkostnaðar hefur annars vegar verið notuð til þess að ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum og samvinnubyggingarfélagshúsum, sbr. 8. tölulið 6. gr. og 1. málsg. 20. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsýslu, svo og eldri lög um sama efni, og hins vegar til að ákveða brunabótaverð húsa, sbr. 3. gr. áðurnefndra laga nr. 59/1954 og 9. gr. áðurnefndra laga nr. 9/1955.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að framvegis verði reiknuð út ein vísitala fyrir allt landið, miðuð við verðlag í Reykjavík. Vegna samræmingar kaupgjalds um land allt og aukinnar hlutdeildar launa í byggingarkostnaði telja bæði Hagstofan og Teiknistofa landbúnaðarins, að ástæðulaust sé og óþarft að hafa sérstakar vísitölur fyrir landið utan Reykjavíkur, og þar við bætist, sem fyrr segir, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið og kostnaðarsamt að hafa þann hátt á. Þess má líka geta, að eftir því, sem bezt verður séð, hafa breytingar byggingarkostnaðar utan Reykjavíkur verið hliðstæðar breytingum byggingarkostnaðar í Reykjavík samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar þar, en það skiptir hér mestu máli, en ekki hitt, hver hæð byggingarkostnaðar er á hverjum tíma. Hagstofan og Teiknistofa landbúnaðarins leggja því eindregið til, að vísitala byggingarkostnaðar miðuð við verðlag í Reykjavík verði látin gilda fyrir allt landið. Í því sambandi er líka rétt að benda á það, að vísitala framfærslukostnaðar — og þar með kaupgreiðsluvísitalan — og húsaleiguvísitalan eru báðar miðaðar við verðlag í Reykjavík, en gilda fyrir allt landið, og verður ekki séð, að ástæða sé til að hafa þar annan hátt á hvað snertir vísitölu byggingarkostnaðar.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 87/1943 var aðeins reiknuð út einu sinni á ári, en í frv. er gert ráð fyrir, að hún sé reiknuð út þrisvar á ári, miðað við verðlag í febrúar, júní og október. Þetta hefur aðallega þýðingu við ákvörðun söluverðs á íbúðum í verkamannabústöðum og byggingarsamvinnufélagshúsum, og hefur það rýrt mjög notagildi vísitölnunnar í þessu sambandi, að hún var ekki reiknuð út nema einu sinni á ári. Meðal annars er viðbúið, að gildandi ákvæði um söluverð húsa í umræddum íbúðum hafi oft verið sniðgengin þegar mikið bar á milli vísitölnunnar og raunverulegs byggingarkostnaðar. Aðalástæðan fyrir því, að nú er lagt til, að vísitalan sé reiknuð út þrisvar á ári, er sú, að rétt þykir að stuðla að

því sem bezt, að farið verði eftir vísitölunni við ákvörðun söluverðs þeirra íbúða, sem hér um ræðir.

Samkvæmt ákvæðum í áður nefndum lögum nr. 59/1954 skal miða árlegar breytingar brunabótaverðs húsa utan Reykjavíkur við vísitölur byggingarkostnaðar, en að því er snertir Reykjavík fólu lög nr. 87/1943 aðeins í sér heimild fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til að breyta brunabótaverði húsa eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Þessi heimild var notuð þar til á árinu 1948, en þá var því hætt, vegna þess hve úrelt vísitalan var orðin, þegar kom að hinni árlegu ákvörðun brunabótaverðs. Í 4. gr. laga nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, er bæjarstjórninni á sama hátt heimilað „að breyta árlegu brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum“. Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessu — bæjarstjórn Reykjavíkur er eftir sem áður heimilað að fylgja vísitölu byggingarkostnaðar við hina árlegu ákvörðun á brunabótaverði húsa, en ekki er ósennilegt, að bæjarstjórnin hverfi aftur að því að láta brunabótaverð fylgja vísitölunni, eftir að hún hefur verið endurskoðuð og lagfærð eins og hér er lagt til, og hefur verið höfð hliðsjón af þörfum Reykjavíkurbæjar í þessu efni við samningu ákvæða frv. um útreikningstíma vísitölnnar.

Að lokum skal þess getið, að félagsmálaráðherra skipaði sumarið 1955, eftir tillögu hagstofustjóra, tvo menn í nefnd til þess að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Voru það þeir Guðlaugur Þorvaldsson deildarstjóri á Hagstofunni tilnefndur af henni og Bárður Ísleifsson arkitekt tilnefndur af húsameistara ríkisins. Nefnd þessi skilaði álitni haustið 1956 og lagði fram tillögu að nýjum grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar. Naut hún þar mikilsverðrar aðstoðar Tómasar Vigfússonar húsameistara, sem lét í té ýtarlegar og traustar upplýsingar um byggingarkostnað og byggingarhætti. Nái frv. þetta fram að ganga, verður þessi nýi grundvöllur að vísitölu byggingarkostnaðar látinn koma til framkvæmda óbreyttur frá hendi höfunda hans.

Frumvarp þetta var samið af Hagstofunni.